ÚTSPARKIÐ

HÖTTUR REKSTRARFÉLAG 2025

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur

Europcar

VELDU GÓÐA ÞJÓNUSTU

Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér framúrskarandi þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra og vel útbúinna bíla í öllum stærðarflokkum.

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001

VOTTUN HF. ÍST ISO 14001

Bílaleigubílar heima og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is

ÚTSPARKIÐ

Útsparkið er ársrit knattspyrnudeildar Hattar. Hér er leitast við að segja frá því öfluga starfi sem borið er uppi af foreldrum og sjálfboðaliðum í öllum flokkum félagsins. Þeir eru allt frá yngstu þátttakendum í áttunda flokki, til þeirra elstu sem skipa meistaraflokka félagsins, en þeir eru fjórir í dag; FHL og FHL-U20 í kvennaflokki (í samstarfi við KFA), Höttur og Spyrnir.

Útgefandi: Rekstrarfélag Hattar

Ábyrgðarmaður: Matthías Tim Sigurðarson Rühl

Ritstjórn: Dagur Skírnir Óðinsson

Umbrot: Unnar Erlingsson

Forsíða: Brynjar Árnason (ljósmynd: Unnar Erlingsson)

Prentun: Héraðsprent

Upplag: 1.000 eintök

Dreift í öll hús á Egilsstöðum, í Fellabæ og nágrenni.

Svansmerkið, prentgripur, 1041 0966

MEÐAL EFNIS

5. **ÁRAMÓTA-HUGVEKJA**
Skarphéðinn Smári Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Hattar.

6. **PISTILL FORMANNS**
Matthías Tim Sigurðarson Rühl, formaður Rekstarfélags Hattar.

9. **MEISTARA-FLOKKUR KVENNA**
Björgvin Karl Gunnarsson þjálfari FHL um veru liðsins í Bestu deild.

12. **FHL-U20**
Ljubisa Radovanovic, þjálfari FHL-U20 er bjartsýnn fyrir framtíð kvennaboltans.

15. **MEISTARA-FLOKKUR KARLA**
Brynjar Árnason þjálfari HH fer yfir árið.

18. **MEISTARA-FLOKKUR SPYRNIS**
Sæbjörn Guðlaugsson þjálfaði sprækt lið Spyrnis í sumar.

19. **GETRAUNA-LEIKUR HATTAR**
Gummó og Maggi Jónasar fara fyrir öflugu getraunastarfi félagsins.

20 **UPPGJÖR: BRYNJAR ÁRNA**
Leikmaður, fyrirliði og þjálfari meistaraflokks, segir þetta gott í bili og fer yfir ferilinn.

25 **YFIRÞJÁLFARI YNGRI FLOKKA**
Andre Musa, yfirþjálfari yngri flokka, segir frá starfi og áherslum starfsins um leið og hann kveður.

27. **YNGRI FLOKKAR HATTAR**
Frá þeim yngstu í 8. flokki til stóru krakkanna í 3. flokki, í máli og myndum.

RARIK

Hátíðarstraumar um allt land
Gleðileg jól

Við óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við leggjum línurnar að framþróun og uppbyggingu sem hreyfir samfélög á landsbyggðinni til framtíðar.

RARIK.IS

Ungir Hattarar etja kappi á Fellavelli á Minningarmóti Óðins Skúla.

Skarphéðinn Smári Þórhallsson

ÁRAMÓTAHUGVEKJA

FORMANNS KNATTSPYRNUDEILDAR HATTAR

Kæru Hattarar, foreldrar, iðkendur, þjálfarar og stuðningsfólk!

Þegar árið 2025 rennur sitt skeið vil ég staldra við og þakka fyrir enn eitt ár í knattspyrnustarfinu okkar hjá Hetti. Íþróttastarfið er stór hluti af samfélaginu hér á Egilsstöðum, og mér finnst alltaf jafn dýrmætt að sjá hvað það skiptir miklu máli fyrir jafn ólíkan hóp fólks.

Knattspyrna er ekki bara keppni eða æfingar – hún er rými þar sem börn, unglingar og fullorðnir hitta fólk, njóta samveru og fá tækifæri til að hreyfa sig, læra og vaxa. Hún skapar vináttu, styrkir sjálfstraust og hjálpar okkur að tengjast öðrum.

> „Þakka ykkur öllum fyrir gefandi, lærdómsríkt og gott ár í starfi knattspyrnudeildarinnar“

Börnin koma brosandi á æfingar og fylla völlinn af lífi, unglingar taka fyrstu skrefin sín í því að leiðbeina yngri krökkum, og fullorðnir halda áfram að leggja sitt af mörkum – hvort sem það er inni á vellinum, í dómgæslu, í akstri eða öðrum sjálfboðastörfum.

Óðins Skúla mótið var aftur einn af hápunktum ársins og minnti okkur á hvað hægt er að gera þegar allir leggjast á eitt. Slíkt verkefni er að mörgu leyti hjartað í starfinu og sýnir okkur hversu öflug við erum.

Á nýju ári, höldum við áfram að bæta aðstöðu og starf deildarinnar þar sem þörf er á. Ég veit að við gerum það – ekki með hraða eða látum, heldur með þolinmæði, góðri samvinnu og þeirri hlýju sem hefur alltaf einkennt félagið okkar.

Þakka ykkur öllum fyrir gefandi, lærdómsríkt og gott ár í starfi knattspyrnudeildarinnar. Ég óska ykkur öllum góðra stunda með ástvinum um áramótin og hlakka til að takast á við árið 2025 með ykkur.

Með knattspyrnukveðjum,

Skarphéðinn Smári Þórhallsson
Formaður knattspyrnudeildar Hattar

Árni Veigar Árnason skorar gegn Kormáki/Hvöt á Blönduósvelli.

PISTILL FORMANNS 2025



Matthías Tim Sigurðarson Rühl

Þá er mínu fyrsta ári sem formanni Rekstrarfélagsins lokið – og það er ekki annað hægt en að horfa til baka reynslunni ríkari. Það hefur margt gerst á þessu eina ári!

FHL spilaði í deild þeirra bestu undir stjórn Kalla. Tímabilið hófst ekki sem skildi, en eftir góðan félagsskiptaglugga sýndi liðið margar bjartar hliðar sem gaman var að fylgjast með.

Þrátt fyrir að liðið hafi að lokum fallið niður um deild eftir að hafa lent í neðsta sæti, þá var þetta fyrsta úrvalsdeildarlið okkar í um 30 ár – og við getum öll verið stolt af þeirri frammistöðu. Við vissum að verkefnið yrði krefjandi, en stemningin og reynslan sem fylgdi í kjölfarið eru ómetanleg.

FHL U-20 tóku sig einnig til og vöktu gríðarlega athygli fyrir frammistöðu sína undir stjórn Ljuba. Þær stimpluðu sig sem eitt besta lið á landinu í sínum flokki með því að enda í öðru sæti í A deildinni ásamt því að vera það lið sem skoraði flest mörk í sumar þannig framtíðin er svo björt að við mælum með sólgleraugum.

Rekstrarfélagið vinnur í samstarfi við KFA um rekstur FHL, en ég ætla nú ekki að taka meira kredit en það. Stjórn FHL á mikið meira lof skilið fyrir metnað, fagmennsku og mikla vinnu – það er í raun ótrúlegt að sjá hversu mikla elju þarf til að koma liði í efstu deild. Það er hvorki sjálfgefið né auðvelt verkefni.

> „Við eigum þetta saman og saman höfum við byggt upp eitthvað sem við getum öll verið stolt af.“

Spyrnir fékk nýjan þjálfara í Sæbirni Guðlaugssyni, sem tók það að sér að vera bæði spilandi leikmaður Hattar/Hugins og þjálfari með Stefáni Ómari sem óopinberum aðstoðarþjálfara.

Þeim gekk vel heilt yfir, en í lokaleik tímabilsins misstu þeir úr höndum sér sæti í úrslitakeppni og munu því spila áfram í sömu deild. Það sem skiptir þó ekki síður máli er að margir ungir leikmenn fengu dýrmætar mínútur á tímabilinu – og það sýnir hversu mikilvægt skref það var að stofna liðið og skapa þannig vettvang fyrir næstu kynslóð leikmanna.

Höttur/Huginn spilaði sitt síðasta tímabil undir því nafni, og eins og flestir vita féll liðið niður í þriðju deild. Þó voru margar jákvæðar hliðar á sumrinu.

Ungir leikmenn fengu tækifæri til að spila og það er staðfesting á því hversu öflugt og gott starf hefur verið unnið í yngri flokkunum.

Það er sérstaklega ánægjulegt að í fyrsta sinn í sögu félagsins seldi Höttur leikmenn sem hafa komið upp úr okkar eigin starfi – og það er árangur sem við getum sannarlega verið stolt af.

Brynjar Árnason og Björgvin Stefán Pétursson ákváðu að láta gott heita eftir vel unnin störf og óskuðu eftir að samningur þeirra myndi renna út.

Í þeirra stað hefur verið ráðinn Todor Hristov sem mun stýra liðinu á næsta ári þar sem við stefnum á að spila sem HÖTTUR og ósk margra héraðsbúa um hvíta búninga fer að verða að veruleika. Við þökkum Brynjari og Björgvini kærlega fyrir þeirra framlag og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.

Ég hef alltaf litið á íþróttir sem eitt mikilvægasta sameiningartákn lítilla samfélaga eins og okkar hér á Egilsstöðum.

Það skiptir í raun litlu máli hvaða íþrótt um ræðir – en það kemur líklega engum á óvart að ég einblíni sérstaklega á fótboltann.

Fótboltinn tengir saman svo mikið af fólki og kynslóðum að maður áttar sig varla á umfangi þess fyrr en maður staldrar við og hugleiðir það.

Börnin okkar byrja að æfa frá unga aldri, jafnvel þriggja ára, og ganga þá inn í eitt vandaðasta barnastarf landsins. Foreldrarnir tengjast svo beint í kjölfarið – hvort sem það er sem tenglar, sjálfboðaliðar eða einfaldlega sem stuðningsfólk á hliðarlínunni.

Svo má ekki gleyma ömmunum og öfunum – sem standa sína vakt í stúkunni og eru oftar en ekki háværasti og trúfastasti stuðningurinn sem lið getur fengið.

Það er auðvitað ekki alltaf dans á rósum. Verkefnin geta verið krefjandi, stundum langar mann að klóra sér í hausnum og spyrja „af hverju í ósköpunum tók ég þetta að mér?" – en svo kemur eitt kvöld á Fellavelli, einn leikur þar sem börnin mæta með trommur, Hattarborgaralyktin er í loftinu og leikmennirnir leggja sig 100% fram, og þá man maður hvers vegna maður gerir þetta.

Stjórnin vill þakka Valla og Unnari kærlega fyrir sín störf hingað til en þeir hafa ákveðið að losa sín sæti í stjórn (þó maður viti nú alveg að þeir verði okkur innan handar enda frábærir einstaklingar) og á sama tíma bjóða Jakob Jóel (Spyrnisgoðsögn) og Viktor Sigbjörn hjartanlega velkomna í stjórn

Ég veit ég tala fyrir hönd stjórnarinnar að við erum alltaf til í að fá áhugasamar hendur með okkur í þau ótal verkefni sem eru fyrir stafni, þannig ef þú, kæri lesandi, hefur ekki tök á því að vera í stjórn en hefur samt áhuga á því að taka til hendinni, ekki hika við að hafa samband.

Mig langar einnig nýta þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem hafa staðið með félaginu – sjálfboðaliðum, leikmönnum, þjálfurum, foreldrum, styrktaraðilum og ekki síst stuðningsfólkinu sem heldur þessu hjarta gangandi. Við eigum þetta saman, og saman höfum við byggt upp eitthvað sem við getum öll verið stolt af.

Kíkið á völlinn, verið með læti og höfum gaman saman. Áfram Höttur

Matthías Tim Sigurðarson Rühl
Formaður Rekstrarfélags Hattar

Úr leik Spyrnis og SR á Fellavelli.

Alcoa
Fjarðaál

Áfram íþróttastarf á Austurlandi!

Hjá Alcoa Fjarðaáli tökum við **samfélagslegri ábyrgð** okkar alvarlega. Hluti af því að starfa á samfélagslega ábyrgan hátt er að **styðja við nærumhverfið okkar**, til dæmis með styrkjum.

Á síðasta ári varði Fjarðaál og Alcoa Foundation um **100 milljónum** í styrki á Austurlandi og þar af fóru yfir **20 milljónir í íþróttastarf.**

Vissir þú...
að frá árinu 2003 hefur Alcoa varið um **5 milljörðum króna** í styrki til margvíslegra samfélags- og innviðaverkefna, aðallega á Austurlandi?

MEISTARAFLOKKUR KVENNA

Björgvin Karl Gunnarsson

FHL Í BESTU DEILD 2025

Það mætti segja að draumur hafi ræst þegar flautað var til leiks í fyrsta leik FHL í Bestu deildinni. Frá því að vegferð okkar hófst árið 2019 hefur það verið markmið og draumur okkar að sjá FHL spila í efstu deild. Til að láta þann draum rætast lögðu margir mikla vinnu á sig, bæði innan vallar og utan. Stjórnarfólkið okkar setti ný viðmið og bætti umgjörð félagsins, og ótal klukkustundir fóru í fundarhöld og skipulagsvinnu af ýmsu tagi.

Við sýndum fram á að það er hægt að koma liði að austan í Bestu deildina. Því miður varð veran okkar þar ekki alveg eins og best var á kosið. Við hefðum viljað ná í fleiri stig – áttum marga fína leiki inn á milli – en úrslitin féllu ekki alltaf með okkur. Þótt tölfræðin hafi oft gefið til kynna að við værum að gera margt vel, þá skilaði það sér ekki í þeim sigrum sem við vonuðumst eftir.

Þegar tímabilið er gert upp kemur upp ákveðin svartsýni – það vantaði oft svo lítið upp á að árangurinn væri betri. En þrátt fyrir það er ég stoltur af liðinu og öllu því fólki sem kemur að starfinu hjá FHL.

Erfiðleikar á leikmannamarkaði

Eins og oft áður hef ég farið erlendis til að sækja leikmenn og styrkja liðið. Í ár reyndist leikmannamarkaðurinn þó afar erfiður. Tvær nýjar stórar deildir voru stofnaðar í Kanada og Bandaríkjunum, og gríðarlegt magn leikmanna fór þangað – leikmenn sem annars hefðu viljað reyna fyrir sér í Evrópu.

> „Frá því að vegferð okkar hófst árið 2019 hefur það verið markmið og draumur okkar að sjá FHL spila í efstu deild.“

Auk þess voru margir góðir leikmenn sem vildu koma, en höfðu möguleika á að losna á miðju tímabili til að fara í reynslu hjá þessum nýstofnuðu deildum. Það varð til þess að leit að réttu leikmönnunum tók lengri tíma en venjulega.

U-20

FHL var með lið í U-20 kvenna í þriðja skipti í röð, og náðust þar mjög góð úrslit. Liðið endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu.

Björg Gunnlaugsdóttir á hraðferð í leik gegn Stjörnunni á SÚN-vellinum í sumar.

Ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður – að það er gríðarlega mikilvægt að til sé lið sem tekur við leikmönnum eftir eða samhliða 3. flokki kvenna. Það skiptir máli bæði fyrir þær sem vilja spila fótbolta af ánægju og fyrir þær sem stefna á að ná lengra.

U-20 hefur verið vel tengt meistaraflokki FHL og vonandi heldur það starf áfram á næstu árum. Það hefur einnig mikið forvarnargildi að bjóða upp á verkefni fyrir leikmenn upp að 18 ára aldri – óháð getu.

Framundan hjá FHL 2026

Kjarnafæðismótið – Lengjubikarinn – Æfingaferð – Lengjudeildin

Undirbúningur fyrir næsta tímabil er þegar hafinn. Byrjunin er róleg, þar sem leikmenn eru að lyfta og taka léttan bolta fram í desember – en eftir það fer allt á fullt.

„ ...það er gríðarlega mikilvægt að til sé lið sem tekur við leikmönnum eftir eða samhliða 3. flokki kvenna.“

Að lokum

Þrátt fyrir erfitt tímabil eiga leikmenn hrós skilið fyrir sitt framlag. Á sama tíma vil ég hvetja þær áfram – við getum gert enn betur. Ég vil þakka FHL-teyminu, þeim Ljuba, Antoni, Óla og Hjörvari, fyrir frábært samstarf.

Stjórn og sjálfboðaliðar félagsins fá sjaldan nægilegt hrós fyrir sína vinnu – en án þeirra væri þetta ekki hægt. Þá vil ég einnig þakka styrktaraðilum og stuðningsmönnum kærlega fyrir stuðninginn.

Takk fyrir okkur!

Björgvin Karl Gunnarsson
Þjálfari FHL

Alexia Czerwien var valin best í liði FHL í sumar.

Óskum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári

VHE

Diljá Rögn Erlingsdóttir í leik FHL-U20 gegn Selfossi á Fellavelli.

FHL-U20

Ljubisa Radovanovic

U20 LIÐ FHL SÝNIR AÐ FRAMTÍÐ KVENNAKNATTSPYRNUNNAR ER BJÖRT

U20-lið FHL átti glæsilegt tímabil í sumar og endaði í 2. sæti í 2. flokki kvenna á Íslandsmótinu. Liðið spilaði fjórtán leiki, vann níu þeirra og skoraði hvorki fleiri né færri en 51 mark. Tveir aðalleikmenn liðsins urðu jafnframt markahæstar í allri deildinni. Árangur liðsins sýnir þá liðsheild, sóknarkraft og hugrekki sem einkenndi hópinn í allt sumar.

Í fyrra keppti U20 í B-deild, en í vor ákvað KSÍ að færa liðið upp í A-deild. Í fyrstu voru nokkrar efasemdir í loftinu um hvernig gengið yrði en svarið kom fljótt, liðið átti einmitt heima þarna, meðal þeirra bestu. Með aga, vinnusemi og metnaðarfullri umgjörð stóð liðið jafnfætis fjölmennustu félögunum, þar má nefna Breiðablik, HK, Víking og fleiri öflug lið. Liðið sýndi í verki að það á heima í efstu deild.

Meginmarkmið verkefnisins í 2. flokki eru þó ekki bara sigrar og góð úrslit. Markmið þjálfara í yngri flokkum er að þjálfa og undirbúa leikmenn fyrir meistaraflokk. 2. flokkur er mikilvægt stig á milli yngri flokka og meistaraflokks; þar læra leikmenn og þroskast, fá tækifæri til að keppa reglulega og safna dýrmætri reynslu.

Flestar stelpurnar spiluðu bæði með U20 og meistaraflokki í allt sumar. Það krefst skipulagningar og aga og stelpurnar sýndu að þær voru tilbúnar til að leggja mikið á sig til að láta verkefnið ganga upp. Þegar leikdagar FHL og U20 sköruðust, eða þegar vikurnar voru þéttar, mættu öflugar 3. flokks stelpur í liðið. Þær stóðu sig frábærlega og fengu mikilvæga reynslu. Á vellinum sást skýrt hvað liðsheildin var sterk. U20 hafði kjark og sýndi hugrekki, stelpurnar hvöttu hver aðra áfram og leystu hvert verkefni sem heild.

> „Í 2. flokki læra leikmenn og þroskast, fá tækifæri til að keppa reglulega og safna dýrmætri reynslu.“

Ég er ótrúlega stoltur af stelpunum mínum. Þær eru vinkonur og liðsfélagar sem lyfta hver annarri upp. Frábær árangur U20 liðsins byggist á framlagi margra, á framlagi liðs. Það var ánægjulegt að þjálfa liðið, fylgjast með stelpunum þróast og vaxa í betri leikmenn – og betri manneskjur.

Ef einhver efast enn um stöðu kvennaboltans á Austurlandi er svarið einfalt: framtíðin er björt. Áfram FHL!!

Ljubisa Radovanovic
Þjálfari FHL-U20

Arion banki

Yfir sjó og land til þín

Í áratugi hefur Eimskip fært landsmönnum allt til jólanna, jólagjafirnar, jólafötin, jólamatinn og jólaljósin. Eimskip kemur með jólin.

Gleðilega hátíð!

Gleðilega og örugga hátíð

Senn gengur í garð hátíð ljóss og friðar. Þá er rétti tíminn til að huga að eldvörnum heimilisins og yfirfara reykskynjara.

Við óskum þér gleðilegra og öruggra jóla og megi nýtt ár verða þér og þínum gæfuríkt.

Munum háttatíma kerta yfir hátíðarnar

MEISTARAFLOKKUR KARLA

Brynjar Árnason

Eins og vanalega hófst undirbúningur Hattar/Hugins í byrjun nóvember. Veturinn gekk vel og tók liðið þátt í Kjarnafæðismótinu í desember og janúar þar sem nokkrir leikmenn spiluðu sínar fyrstu meistaraflokksmínútur. Eftir það tók við Lengjubikarinn og vann liðið sinn riðil með 13 stigum í 5 leikjum. Hópurinn skellti sér í góða æfingaferð til Salou í byrjun mars og var sú ferð ákaflega vel heppnuð.

Þegar heim var komið fór Mjólkurbikarinn af stað en í fyrstu umferð vannst sigur gegn Sindra. Í næstu umferð fengum við Bestu deildarlið Aftureldingar en í millitíðinni vannst góður sigur gegn KFG í undanúrslitum Lengjubikarsins. Það var gaman að máta sig við gott lið Aftureldingar en 5-0 tap var niðurstaðan og bikaræventýrið búið í ár.

Undirbúningstímabilinu lauk svo með skemmtilegum úrslitaleik gegn Víði um sjálfan Lengjubikarinn í B deild. 2-2 voru lokatölur sem þýddi að grípa varð til vítaspyrnukeppni. Þar sýndu drengirnir stáltaugar og fór bikarinn heim með okkur.

HREINSITÆKNI

LENGJUBIKARMEISTARAR
SPILA Í 3. DEILD NÆSTA SUMAR

Eftir mjög gott gengi yfir veturinn var stefnan sett hátt. Ungir leikmenn höfðu stigið stór skref og voru farnir að spila mjög stóra rullu. Eins höfðu reyndir leikmenn bæst við hópinn eins og Kristófer Páll, Sæþór og Stefán Ómar. Það var því tilefni til bjartsýni þegar deildin hófst í byrjun maí.

> „Undirbúningstímabilinu lauk svo með skemmtilegum úrslitaleik gegn Víði um sjálfan Lengjubikarinn í B deild.“

Fyrsti andstæðingur í deild var Grótta og var liðið mjög óheppið að sækja ekki 3 stig á sennilega einn erfiðasta útivöll deildarinnar, en Grótta jafnaði í blálokin. Í framhaldi fylgdu 4 mjög þung töp gegn Kára, Dalvík, Víði og KFG.

Í júní mánuði sótti liðið stig gegn KFA og Þrótti V og sigur gegn Víking Ó en töp gegn Ægi og Haukum þýddi að liðið sat á botninum með 6 stig eftir 10 umferðir.

Á Blönduósi kom líklega besti leikur liðsins gegn sterku liði Kormákar/Hvatar en sá leikur vannst sannfærandi 0-3. Næst vannst einnig mjög góður sigur gegn Kára á útivelli, 1-4 og loksins útlit fyrir að liðið væri að ná takti aftur.

„Spilamennskan var oft á tíðum góð en eins og einhver góður maður sagði: leikirnir vinnast í vítateignum.“

Kristófer Máni í leik gegn Kára á Fellavelli.

Því miður entist það ekki lengi og fékk liðið aðeins 2 stig í næstu 5 leikjum. Þá vannst virkilega góður sigur á toppliði deildarinnar Ægi, 3-1. Þegar 4 umferðir voru eftir var liðið neðst með 17 stig en enn góður möguleiki á að halda sér uppi. Uppskeran í þessum leikjum varð 0 stig og því fór sem fór, fall í 3. deild niðurstaðan.

Þegar litið er til baka yfir tímabilið er hægt að týna til endalaust af afsökunum. Spilamennskan var oft á tíðum góð en eins og einhver góður maður sagði einhvern tímann, leikirnir vinnast í vítateignum. Liðinu gekk erfiðlega að skora og skoraði fæst mörk allra í deildinni eða 27 mörk. Eins gekk erfiðlega að verja markið og var aðeins eitt lið sem fékk á sig fleiri mörk.

Það má þó klárlega finna marga jákvæða punkta við tímabilið. Ungir leikmenn eins og Þórhallur, Árni Veigar, Ívar, og Kristófer Máni sprungu út og spiluðu allir mikilvægt hlutverk fyrir liðið. Tveir leikmenn voru seldir til KA, þeir Bjarki Fannar og Þórhallur og er það flottur vitnisburður um gott yngri flokka starf í Hetti. Spyrnir átti flott tímabil og hefðu með smá heppni getað farið upp úr sínum riðli og þar voru margir leikmenn sem fengu dýrmæta reynslu.

Það er ljóst að það verða miklar breytingar á hópnum milli ára og við í þjálfarateyminu létum þetta gott heita eftir tímabilið. Ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir mig en undanfarin 5 ár sem þjálfari liðsins hafa verið virkilega skemmtileg. Ég hef lært gríðarlega mikið og vonandi skilið eitthvað eftir mig líka hjá leikmönnum liðsins. Þessi ár skilja eftir sig frábærar minningar og þrátt fyrir vonbrigði sumarsins geng ég stoltur frá borði. Til allra leikmannanna, stjórnarmanna, Björgvins og Andre, takk fyrir frábært samstarf og áfram Höttur.

Brynjar Árnason
Þjálfari meistaraflokks Hattar/Hugins

KPMG
Innsæi skapar tækifæri
Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim. Það gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig. Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.
Kynntu þér málið á kpmg.is

GLÆSILEGT VÖRUÚRVAL!
Þú finnur jólagjöfina hjá okkur!
Allt fyrir bílinn
Landbúnaðarvörur
Allt fyrir gæludýrið
Nýjar umbúðir!
Vinnuföt o.fl.
Opnunartími
Alla virka daga 8 - 17
Laugardögum 10-14
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

MEISTARAFLOKKUR SPYRNIS

Sæbjörn Guðlaugsson

Spyrnir spilaði sitt fjórða tímabil í röð í deildarkeppnum KSÍ. Ef til eru einhverjar raddir sem efast um þetta frábæra verkefni, sem hrint var af stað fyrir sumarið 2022 með það að markmiði að gefa leikmönnum félagsins fleiri tækifæri til að lifa þeim lífsstíl sem flestir hafa notið frá því við vorum börn — að vera fótboltakrakkar sem elska að hitta liðsfélaga og vini, fá vettvang til að slást smá á æfingum og, það skemmtilegasta, að spila fótbolta — þá hljóta þær raddir einfaldlega að hafa rangt fyrir sér.

Þegar stjórnin heyrði í mér til að kanna áhuga á því að taka við þjálfun liðsins var ég örlítið efins. Sem leikmaður Hattar/Hugins var ég ennþá að æfa og spila með leikmönnum Spyrnis þar sem liðin æfa saman yfir veturinn fram að tímabili og leikmenn góðir félagar mínir utan fótboltans. En ég hafði fyrirmynd í Brynjari Árnasyni og gat séð að þetta var kannski meira í hausnum á mér en öðrum. Það var gott að eiga hann og þjálfarateymi Hattar/Hugins að því þeir hjálpuðu til við að gera þetta ótrúlega einfalt og aðstoðuðu mig í mörgu. Það sýnir einnig hversu gott samstarf er á milli félaga, sem er ekki sjálfsagt. Svo snérust hlutverkin við þegar Brynjar spilaði með Spyrni, því miður var það bara einn leikur en verða vonandi fleiri næsta sumar.

Í heildina spiluðu 28 leikmenn leiki í bikar- og deildarkeppni þetta sumarið og var aldursbilið frá 16 ára upp í 35 ára.

„Í heildina spiluðu 28 leikmenn leiki í bikar- og deildarkeppni þetta sumarið og var aldursbilið frá 16 ára upp í 35 ára.“

NÁLÆGT NÝJU STIGAMETI

Ég tel mig nokkuð öruggan að tala fyrir hönd allra sem komu að tímabilinu í ár þegar ég segi að niðurstaðan hafi ekki verið sú sem við stefndum að og megum vera súrir yfir að ná ekki markmiðinu. Leikmannahópurinn í ár var sterkur og mikil samkeppni, blanda af leikmönnum sem höfðu spilað nokkur tímabil annaðhvort með Spyrni eða Hetti og góðum ungum leikmönnum sem voru að koma upp úr yngriflokkastarfi félagsins og höfðu flestir spilað einhverjar mínútur sumarið 2024. Niðurstaðan var 24 stig í 5. deild, tveimur stigum frá báðum markmiðum okkar, sem voru úrslitakeppni og stigamet Spyrnis, sem sett var á fyrsta tímabili liðsins (í seinni tíð), 25 stig. Veit ekki hversu glaður Anton Helgi, þáverandi þjálfari, sé með að halda því (en hann hefur samt minnt á það). Hann, ásamt fleiri góðum mönnum í stjórn, sáu um að gera sumarið eins gott fyrir okkur og þeir gátu, skipulögðu ferðalög, umgjörð á heimaleikjum og önnur óeigingjörn störf í sjálfboðavinnu sem þarf til þess að halda úti svona frábæru verkefni. TAKK FYRIR OKKUR!

Sæbjörn Guðlaugsson
Þjálfari Spyrnis

20 ÁR AF STANSLAUSU GETRAUNAPARTÝI

Á haustmánuðum þegar við byrjuðum árlega getraunarveturinn okkar, þá voru 20 ár liðin frá því Höttur Rekstrarfélag byrjaði með vikulega hittinga í Hettunni tengt 1X2 – eða getraunum. Þá er ég að tala um, í því formi sem það er gert enn þann dag í dag. Vissulega voru einhverjir að „tippa“ árin á undan, en ekki skipulagt starf með neinum hætti.

Þegar Hilmar Gunnlaugs og félagar byrjuðu þetta, þá var þetta frekar fámennur hópur af einstaklingum – en í dag telur þetta um 60 manns, sem vikulega taka þátt. Vissulega eru sumir virkari en aðrir og koma snemma á laugardagsmorgnum upp í Hettu, fá sér kaffi og bakkelsi, ef Gummó og Maggi hafa vaknað hressir og ræða seðil dagsins og reyna að vera getspakir í leiðinni. Aðrir láta umsjónarmenn um að velja tölur fyrir sig, einhverjir ákveða að hafa sjálfval um hverja helgi en svo eru enn aðrir sem eru með fastar raðir í hverri viku, sama hvaða leikir eru í gangi. Einnig er gaman að segja frá því að þetta eru ekki bara grjótharðir Hattarar sem eru með, heldur eru menn frá Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Vopnafirði og Djúpavogi að taka þátt, eða hafa gert á einhverjum tímapunkti!

En markmiðið er skýrt, þetta er ekki bara samfélagsverkefni fyrir okkur sem taka þátt, að fá að hittast í Hettunni og rífast um fótbolta, pólitík, snjómokstur, grasslátt eða hvort glasið sé hálf fullt eða hálf tómt! Þetta er fjáröflun fyrir Rekstrarfélag Hattar og er hún mjög mikilvæg sem slík. Til að gera dæmið einfalt, þá koma 260 krónur til félagsins af hverjum 1000 krónum sem seldar eru uppí Hettu í gegnum ákveðið kerfi frá Íslenskum Getraunum. Ef farið er í N1, sem dæmi – þá fær félagið aðeins 150 krónur af hverjum þúsundkalli ef merkt er við númerið 700.

Þó þetta sé góð fjáröflun fyrir félagið, þá getur þetta svo sannarlega líka verið fín fjáröflun fyrir þá hópa og einstaklinga sem taka þátt og þó nokkrar milljónir hafa skilað sér í hús. Vinningur hjá hverjum og einum rennur beint í vasa þess sem vinnur – félagið tekur ekki bita af þeirri gleði... nema hjá sjálfvalsmönnum, þá kemur 10% til félagsins!

Það er gaman að segja frá því að þetta fyrirkomulag sem uppsett er hjá okkur, hefur skilað Hetti í 8.–13. sæti á söluhæstu félögum landsins síðustu fimm árin. Við höfum til dæmis verið fyrir ofan stærstu félög landsins eins og t.d KR, Val og Breiðablik.

Við og teymið í kringum þetta erum afskaplega þakklát þeim sem taka þátt, sami kjarni búinn að vera í mjög langan tíma en einnig eru alltaf nýir að bætast við. Í ár komu inn þónokkur ný andlit, en vissulega duttu út gömul og gróin í staðin – þannig er þetta bara. Þetta er opið öllum og ef einhverjir vilja koma í Hettuna á laugardagsmorgnum á milli 10 og 11 þá eru allir meira en velkomnir. Einnig er hægt að finna okkur á Facebook – **Getraunaleikur Hattar**!

Við erum afar þakklátir menn - Áfram Höttur!!

Gummó og Maggi Jónasar

UPPGJÖR: BRYNJAR ÁRNA

Brynjar Árna þarf vart að kynna. Hann var um árabil einn af burðarásum liðs Hattar, bæði innan vallar og utan, og á síðustu árum hefur hann líka stýrt meistaraflokki með góðum árangri. Við settumst niður með Brynjari og rifjuðum upp fyrstu skrefin á vellinum, minningarnar sem mótuðu hann, skrautlega liðsfélaga og krefjandi tímamót. Hér segir hann frá ferðalagi sínu um fótboltavellina.

Hverjar eru fyrstu minningar þínar af fótbolta og hvernig kviknaði áhuginn?

Fyrstu minningarnar eru af Hattarflötinni þar sem Bónus er í dag. Ég var líklega 4-5 ára þegar ég fékk að fara á fyrstu æfingarnar. Man ekki hvernig áhuginn kviknaði en fótboltinn varð strax aðaláhugamálið og hefur verið það síðan.

Hvaða þjálfarar eða liðsfélagar höfðu mest áhrif á þig þegar þú varst að alast upp á Egilsstöðum?

Dragi Pavlov kom til Egilsstaða í kringum aldamótin og hafði strax mikil áhrif á fótboltann. Hann kom með mikinn aga og metnað í starfið. Við vorum góður kjarni í mínum árgangi og í árganginum fyrir ofan. Garðar Már og Jói Klausen voru okkar efnilegustu menn og ófáar stundirnar sem við eyddum í garðinum hjá einhverjum af okkur. Svo leit maður alltaf upp til Eysteins Hauks og Hjalla Jóns. Gulli Guðjóns þjálfaði mig svo reglulega bæði í yngri flokkunum og síðar í meistaraflokki og hafði hann einnig mikil áhrif – mikill knattspyrnugúrú enda Arsenal maður.

Fljótlega eftir Menntaskóla fórstu til Bandaríkjanna á fótboltastyrk – hvernig var það og er það eitthvað sem þú mælir með fyrir unga leikmenn?

Það var mjög skemmtileg reynsla. Við fórum fyrst þrír, ég, Ingvi Þór og Benni Jóns en síðar fjölgaði Íslendingunum í skólanum. Ég get klárlega mælt með því, þarna fékk maður að ferðast um Bandaríkin og spila á mörgum mismunandi stöðum. Um leið kynntist maður annarri menningu Suðurríkjanna sem víkkaði sjóndeildarhringinn. Aðstæður í skólanum voru frábærar til íþróttaiðkunar og þetta var virkilega skemmtilegur tími.

> „Mér fannst skrefið bara rökrétt, áhuginn á að spila hafði aðeins minnkað og aldurinn var aðeins farinn að segja til sín.“

Seinni hluta leikmannaferilsins tókstu við fyrirliðabandinu af Högna Helga, hvernig fannst þér að taka við því hlutverki og hvað einkennir góðan leiðtoga?

Mér fannst bara gaman að fara í það hlutverk. Í mínum huga þurfa leiðtogar að setja gott fordæmi fyrst og fremst. Menn geta sinnt fyrirliðahlutverkinu á marga vegu og engin ein leið rétt. Leiðtogar þurfa að geta haft áhrif á hópinn sinn og það eru mismunandi leiðir til þess. Ég reyndi að tala mikið, bæði inni á æfingum og í leikjum og þá helst á jákvæðan hátt.

Hver er eftirminnilegasti leikurinn á ferlinum og hvers vegna?

Ætli það sé ekki útileikur gegn Grundarfirði – í næstsíðustu umferð 3. deildar árið 2014. Við byrjuðum þetta tímabil vel undir stjórn Gjoko Iljovski en hann þurfti síðan að hætta með liðið um mitt sumar. Árni Óla tók tímabundið við áður en Gulli Guðjóns kom inn og kláraði tímabilið. Við höfðum tapað þrem leikjum í röð um mitt sumar en duttum svo á rosalegt run og höfðum unnið 8 leiki í röð. Vorum í toppsætinu í harðri baráttu við Leikni Fásk þegar við mættum á Grundarfjörð í rosalegri haustlægð – rigning og 20 m/s. Búningarnir höfðu gleymst og því spiluðum við í varabúningum Grundafjarðar. Leikurinn fór illa af stað og lentum við 2-0 undir. Vegna veðurs og vallaraðstæðna fór boltinn alltaf mjög langt í burtu þegar hann fór útaf og þegar Grundfirðingar voru komnir í forystu hurfu skyndilega allir boltasækjararnir. Þeir Kalli Ben og Skúli Andrésar sem mætt höfðu til að styðja liðið tóku sig þá til og hlupu eftir boltunum það sem eftir lifði leiks til að flýta leik og koma í veg fyrir tafir Grundfirðinga. Garðar Már minnkaði muninn fyrir hálfleik og jafnaði svo á 76 mínútu. Óttar Guðlaugs skoraði svo sigurmarkið með maganum, eitt ljótasta mark sem skorað hefur verið og tryggði sigurinn en Garðar fékk þó markið skráð á sig. Til að bæta gráu ofan á svart fékk Óttar hraðasekt á leið heim eftir að hafa tekið vitlausa beygju frá Grundarfirði. Þessi sigur varð til þess að við enduðum á 9 sigrum í röð og urðum 3. Deildarmeistarar þetta árið.

En skrautlegasti liðsfélaginn?

Þarna koma mjög margir til greina. Tvíeykið Abdi Hassan og Frankie McBrearty komu til Hattar 2007 og þóttu nokkuð skrautlegir. Í seinni tíð má nefna Dani Ndi og Stefán Ómar en þeir eru báðir skrautlegir á sinn hátt.

Er eitthvað sem þú sérð eftir á þessum rúmum 15 árum sem leikmaður?

Nei get ekki sagt það. Ég naut þess að fá að spila fótbolta þetta lengi og hefði ekki viljað gera þetta neitt öðruvísi. Hef fengið að kynnast ógrynni af leikmönnum sem margir eru vinir manns í dag þannig heilt yfir er maður bara þakklátur fyrir ferilinn.

Ef þú þyrftir að gera 5-a-side draumalið með fyrrverandi liðsfélögum hvernig væri það?

Í markinu væri það Serbneska tröllið Cike. Frábær markmaður og enn betri manneskja. Í vörninni hef ég Anton Ástvalds en við náðum alltaf vel saman á æfingum þrátt fyrir að hafa mjög misjafna skoðun á hvernig við ættum að spila. Með honum verður fyrirliðinn Kristófer Einarsson og því ættum við ekki að tapa mörgum skallaboltum. Fyrir framan þá set ég Stebba Eyjólfs til að djöflast á miðjunni og vinna seinni bolta. Með honum, til að taka við löngu boltunum frá Antoni og Kristófer verður Högni Helga. Honourable mention fá Jói Klausen og Garðar Már (2007 útgáfan – áður en þeir urðu meiðslapésar) sem geta komið inn af bekknum og valdið usla.

Hvenær kviknaði hjá þér áhuginn á að verða þjálfari og hvernig var að taka skrefið úr því að vera leikmaður yfir í að vera þjálfari?

Það kviknaði smá áhugi þegar ég var gerður að aðstoðarþjálfara Vidda Jóns. Þegar ég tek svo við 2021 kviknaði enn meiri áhugi. Mér fannst skrefið bara rökrétt, áhuginn á að spila hafði aðeins minnkað og aldurinn var aðeins farinn að segja til sín. Fyrsta tímabilið gekk ótrúlega vel og þá var maður kominn með bakteríuna. Það var auðvitað

Salt
CAFÉ & BISTRO

Við óskum viðskiptavinum og bæjarbúum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Salt café & bistro

Opnunartími Salt yfir hátíðirnar:

23.des 11:30-21:00
24.-26.des LOKAÐ
31.des LOKAÐ
1.jan LOKAÐ

Gleðileg Jól

smá skrýtið að fara beint í að þjálfa þá leikmenn sem ég hafði verið að spila sjálfur með en hópurinn var góður og gerði þetta auðvelt fyrir mig.

Eru einhver sérstök gildi sem þú hefur tileinkað þér í þjálfun?

Nei svosem ekki, bara kannski það að vera tilbúinn að læra af öðrum og breyta um skoðun. Auðvitað þarf að vera einhver stefna og einhver grunngildi en að mínu mati verða þjálfarar að geta breytt um kúrs ef illa gengur. En á þessu level-i sem Höttur er á þá er númer eitt að það sé skemmtilegt að mæta á æfingar og að andinn í hópnum sé góður. Menn geta farið langt á stemningunni.

Þjálfaraferillinn fór mjög vel af stað, valinn þjálfari ársins fyrstu tvö árin þín í þjálfun, hverju þakkar þú því?

Góðum hóp þessi ár, góðri stjórn og góðum aðstoðarþjálfurum. Einhvern veginn gekk flest upp þessi ár og ég held að það sé bara blanda af þessu öllu sem skilaði því.

Hvað hefur verið mest krefjandi við að vera þjálfari?

Sennilega bara hvað þetta tekur mikinn tíma frá heimilinu. Það hefur oft verið brekka heima fyrir að þurfa rjúka út 4-5x í viku á kvöldmatartíma, með tvö lítil börn. Sem betur fer á ég góða og skilningsríka konu sem hefur staðið með manni í þessu og séð til þess að heimilishaldið gekk upp. Hvað varðar þjálfunina sem slíka þá geta komið upp samskiptaörðugleikar innan hópsins og leikmenn geta verið ósáttir við spiltímann. Það er aldrei gaman að þurfa skilja einhverja eftir utan hóps eða geta ekki leyft mönnum að koma inn á. Ætli það sé ekki það erfiðasta við að vera þjálfari, sérstaklega þegar leikmenn eru bara í þessu til að hafa gaman.

En hvað hefur verið ánægjulegast við starfið?

Það var ótrúlega gaman að vinna titil á fyrsta árinu. En það sem stendur upp úr eru líklega bara öll keppnisferðalögin út um allt land og æfingaferðarnar erlendis. Að fá að eyða tíma með félögum sínum að gera það sem okkur finnst skemmtilegast eru forréttindi. Svo toppar ekkert vímuna sem maður fær við að sigra jafna leiki.

Síðasta tímabil gekk ekki eins og skyldi hvaða lærdóm er hægt að draga af því?

Eftir á hefðum við getað gert margt öðruvísi. Velgengnin á undirbúningstímabilinu steig okkur kannski örlítið til höfuðs og við sjálfsagt ofmetið okkar eigin getu þegar kom inn í sumarið. Við fórum inn með góðan hóp að mínu mati en meiðsli lykilmanna urðu til þess að liðið var mjög ungt og óreynt. Þeir stóðu sig hinsvegar frábærlega en ósanngjarnt að ætlast til þess að þeir gætu borið liðið uppi eins og þeir þurftu svo í raun að gera. Að sjálfsögðu hefðum við svo getað sett leikina upp á annan hátt, spilað öðruvísi taktík og svo framvegis en það þýðir lítið að dvelja við það. Ég held að nú sé að verða ákveðin endurnýjun á hópnum og kannski ekki það versta sem gat gerst að fara niður í 3. deild.

„...númer eitt [er] að það sé skemmtilegt að mæta á æfingar og að andinn í hópnum sé góður. Menn geta farið langt á stemningunni.“

„En fyrst og fremst er maður bara þakklátur félaginu sínu og því góða starfi sem þar er unnið.“

Hvernig sérðu framtíð Hattar fyrir þér?

Ég held að hún sé björt og spennandi. Það er og hefur verið öflugt yngri flokka starf hjá okkur lengi og það skilar sér í því að við höfum haldið úti tveimur meistaraflokks liðum karlamegin og verið hluti af FHL sem spilaði í efstu deild í sumar. Það er ekki sjálfgefið á ekki stærri stað. Það þarf að halda áfram að hlúa vel að því starfi og setja markið hátt. Við búum líka vel af sjálfboðaliðum og aðstaðan hefur verið að batna þó ég vilji sjá okkur eignast alvöru innanhúss aðstöðu sem fyrst. Eigum við svo ekki að spá því að innan 5 ára verði Höttur í efstu tveimur deildum bæði karla og kvennamegin og Spyrnir verði orðið stöðugt 4. deildarlið.

Þegar þú lítur til baka á ferilinn allann — hverju ertu stoltastur af?

Ég held að ég sé þriðji leikjahæsti leikmaður Hattar í sögunni og líklega einn leikjahæsti þjálfarinn líka. Ég er mjög stoltur af því og þeim tíma og vinnu sem ég hef lagt í Hött. En fyrst og fremst er maður bara þakklátur félaginu sínu og því góða starfi sem þar er unnið. Maður hefur eignast frábæra vini í gegnum boltann og skapað góðar minningar og það er það sem maður tekur út úr þessu.

Að lokum, sérðu fyrir þér að afskiptum þínum af knattspyrnu sé lokið eða er möguleiki á endurkomu í einhverskonar formi?

Ég mun alveg örugglega skipta mér af knattspyrnu á einhvern hátt. Hvort sem það verði í þjálfun eða sjálfboðaliðastörfum á eftir að koma í ljós en líklega er leikmannaferillinn endanlega búinn. En maður mun klárlega reyna að gera eitthvað gagn og gefa aftur af sér til Hattar á komandi árum.

UMHVERFISMERKI
1041 0966

VIÐ BERUM SVANINN MEÐ STOLTI OG ERUM ÓTRÚLEGA UMHVERFISVÆN!

VERIÐ ÁVALLT VELKOMIN Í VIÐSKIPTI

HÉRAÐSPRENT

Miðvangi 1 | 700 Egilsstaðir | Sími 471 1449 | www.heradsprent.is

STARF YNGRI FLOKKA



Andre Musa

Síðasta ár var enn eitt jákvætt skref hjá yngri flokkum Hattar, framhald af vinnu sem byggir á þeim gildum sem skilgreina okkur: virðing, agi, samvinna, gleði og metnaður.

Þó fótboltaheimspeki okkar haldist sú sama, lögðum við í ár sérstaka áherslu á þjálfarana okkar. Við trúum því að betri þjálfarar skapi betri leikmenn og það sem skiptir enn meira máli, betri einstaklinga. Þjálfari sem er vel undirbúinn, metnaðarfullur og jákvæður getur hvatt unga leikmenn til að þróa færni sína og ást á fótbolta.

Hjá Hetti höfum við unnið markvisst að þessu. Fjórtán þjálfarar hafa nú lokið KSÍ I og II réttindum, og fjórir eru að vinna í UEFA B. Einn þjálfari er nú þegar með UEFA B og aðalþjálfari yngri flokka er með UEFA A. Fyrir lítið félag eins og Hött er þetta stór árangur sem endurspeglar metnað og fagmennsku félagsins.

Höttur er lítið félag með gríðarlegt afl og mikla samheldni. Takmörkuð aðstaða hefur orðið okkur að styrk því hún hefur skapað sterkt samfélag þar sem sjálfboðaliðar, foreldrar og leikmenn stefna allir í sömu átt. Leikmenn okkar eru einnig

> „Þjálfari sem er vel undirbúinn, metnaðarfullur og jákvæður getur hvatt unga leikmenn til að þróa færni sína og ást á fótbolta.“

ÁR SAMHELDNI, VAXTAR OG FRAMFARA HJÁ YNGRI FLOKKUM HATTAR

ótrúlega einbeittir. Í hörku íslensk vetrar, þegar auðvelt væri að halda sér heitum heima, mæta þeir samt, og moka oft vellinum sjálfir áður en æfing hefst.

Þessi skuldbinding hefur skapað aga og jákvætt umhverfi, þar sem sambland er af vinnusemi og ánægju. Æfingar okkar leitast við að sameina uppbyggingu og sköpunargáfu, hvetja leikmenn til að hugsa, leysa vandamál og tjá sig í gegnum leikinn. Við einblínum á ákvarðanatöku, stöðuskilning og smáspilsæfingar sem efla bæði tæknilega og leikfræðilega hæfni, alltaf með léttu og skemmtilegu andrúmslofti.

ÁHERSLA Á YNGSTU FLOKKANA

Hjá yngstu leikmönnunum eru forgangsmálin skýr: sköpun, gleði og frelsi.

Markmiðið á þessum aldri er að kanna, gera mistök, prófa nýja hluti og læra að elska leikinn. Ekki að fá úrslit. Heldur að byggja upp ástríðu og sjálfstraust sem skilar sér til lengri tíma. Barn sem nýtur þess að spila heldur áfram að mæta og verður með tímanum betri leikmaður og liðsfélagi.

Áherslan á hugrekki og uppspil frá varnarlínu er áfram stór hluti af fílósófíu Hattar, frá yngstu flokkum. Við viljum leikmenn sem eru óhræddir við að taka boltann, taka ákvarðanir og læra af afleiðingunum.

8. fl

Stelpurnar í 8. flokki hafa vaxið jafnt og þétt og sýnt jákvætt viðhorf, samvinnu og miklar tækniframfarir. Leikgleði þeirra sést um leið og þær stíga inn á völlinn. Þessi hópur er að mynda sterka vináttu og sjálfstraust sem mun nýtast vel áfram í framtíðinni.

Strákarnir í 8. flokki hafa komið með mikla orku, forvitni og gleði á hverja æfingu. Þeir eru skapandi, tilbúnir að prófa nýja hluti og eru að byggja sterkan tæknilegan grunn. Árið snerist um að mynda góðar venjur og jákvæða tengingu við fótboltann.

Þessi nálgun hefur einnig hjálpað félaginu að vaxa og halda leikmönnum áhugasömum um fótbolta. Nú eru 294 skráðir iðkendur í yngri flokkum félagsins, frá 8. flokki til 3. flokks — 150 stelpur og 144 strákar. Þetta nánast fullkomna jafnvægi sýnir skýrt okkar skuldbindingu við jöfn tækifæri og endurspeglar frábært starf sem unnið hefur verið í gegnum árin í samstarfi við FHL og H/H, og nú undir Hetti. Við erum mjög stolt af þessu. Báðir meistaraflokkar félagsins njóta góðs af þessu öfluga starfi í yngri flokkum.

Margir eldri leikmennirnir eru einnig farnir að þjálfa yngri hópa, sem sýnir að við erum ekki aðeins að móta leikmenn, heldur líka framtíðarleiðtoga sem leggja samfélaginu lið.

FÓTBOLTAÞRÓUN OG MÓT

Inn á vellinum hafa framfarir verið mjög áberandi. Fyrir utan góðan árangur í Íslandsmóti hafa liðin sýnt greinilegar framfarir í spilamennsku. Með hugrekki, sjálfstrausti og skýrri leikstefnu. Leikmenn okkar eru öruggir í að byggja upp leik frá marki, taka hraðar ákvarðanir og halda ró sinni í þrýstingi.

Á Rey Cup, einu stærsta unglingamóti landsins, tóku 4. og 3. flokkur þátt undir merki Austurlands. Af átta liðum komust fimm í úrslitaleiki, frábær árangur. 3. fl. kvk sigraði sinn úrslitaleik sem sýnir hversu öflugan hóp við höfum þar.

Að komast í úrslit er eitt og sér mjög erfitt verkefni, það krefst samkvæmni, samvinnu og andlegs styrks. Að vinna úrslit er enn erfiðara, og aðeins eitt lið fær að upplifa þann sigur. Þetta minnir okkur á að framfarirnar skipta meira máli en lokaniðurstaðan. Hvernig við þjálfum, hvernig við spilum og hvernig við þróumst sem leikmenn og einstaklingar er kjarni starfsins.

Knattspyrnuhugmyndafræði okkar byggist á:

Framsæknum leik:
Hvetjum leikmenn til að taka frumkvæði, stjórna leiknum og skapa tækifæri.

Hugrekki og lærdómur af mistökum:
Með því að hvetja leikmenn til að taka bolta, byggja upp leik aftan frá og vera hugrakkir, erum við meðvituð um að mistök verði gerð. Þetta er einmitt það sem við viljum—læra af mistökunum og byggja upp karakter.

Hröðum og flæðandi leik:
Stuðlum að skjótum ákvörðunum, hröðu samspili og stöðugri hreyfingu.

Liðsheild og samvinna:
Eflum sterka liðsheild og leggjum áherslu á sameiginlega vinnu.

Uppbyggingu leiks aftan frá:
Byggjum sóknir frá markmanni og hvetjum til tæknilegrar færni og leikskipulagsvitundar.

7.fl

Stelpurnar í 7. flokki hafa verið áhugasamar og jákvæðar og bæta sig stöðugt í öllum þáttum. Þær hafa sýnt góðan leikskilning, betri tækni og frábæra ástundun. Jákvætt viðhorf þeirra hefur haft mikil áhrif á þróun hópsins.

7.fl

Strákarnir í 7. flokki hafa tekið stór skref í leikskilningi, samvinnu og hugrekki á boltann. Frammistaða þeirra á æfingum og mótum sýndi vaxandi sjálfstraust og góða þróun. Við höfum lagt sérstaka áherslu á að efla 1vs1 hæfni þeirra.

„Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem gera Egilsstaði og Hött sérlega einstakan stað — leikmönnum, foreldrum, sjálfboðaliðum og þjálfurum. Þitt framlag og þín skuldbinding gera Hött ekki bara að knattspyrnufélagi, heldur raunverulegri fótboltafjölskyldu.“

Þótt markmiðið sé að vinna, skiptir hvernig við keppum meira máli í yngri flokkum. Hvernig við spilum, hvernig við kennum leikinn, hvernig við bregðumst við sigri og hvernig við töpum. Við viljum halda okkur við okkar gildi. Virðingu, samvinnu og hugrekki, óháð úrslitum.

3 fl. kk liðið okkar náði alla leið í úrslitaleik á Laugardalsvelli, þjóðarleikvanginum, ótrúleg upplifun fyrir hóp af 14–15 ára strákum frá Egilsstöðum. Að fá að spila þar með liðsfélögum sem þeir hafa alist upp með var eitthvað sérstaklega einstakt. Svona augnablik byggja upp minningar, hvatningu og karakter. Úrslitin féllu ekki með okkur, en ég hugsa oft: hversu margir 15 ára strákar fá tækifæri til að spila úrslitaleik á þjóðarleikvangi með sínum bestu vinum? Þetta minnir okkur á hversu hratt tíminn líður og hversu mikilvægt það er að njóta allrar ferðarinnar. Stundirnar inn á vellinum, í klefanum, úti í snjónum og á æfingu með vinum eru minningar sem fylgja okkur áfram.

Þegar við lítum yfir árið stendur eitt upp úr: framfarir. Ekki bara í úrslitum, heldur í menningu, viðhorfi og ást til íþróttarinnar.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem gera Egilsstaði og Hött sérlega einstakan stað — leikmönnum, foreldrum, sjálfboðaliðum og þjálfurum. Þitt framlag og þín skuldbinding gera Hött ekki bara að knattspyrnufélagi, heldur raunverulegri fótboltafjölskyldu.

Andre Musa
Yfirþjálfari yngri flokka Hattar

Ungir Hattarar þjálfa yngri Hattara og leiðbeina fyrir keppnisleik á Minningarmóti Óðins Skúla á Fellavelli

6.fl

Stelpurnar í 6. flokki hafa sýnt mikinn vilja til að læra og bæta sig. Þær spila af hugrekki, eru öruggar á boltanum og hafa tekið miklum framförum tæknilega og taktískt. Þetta er mjög efnilegur hópur, líkt og strákarnir, og margar þeirra æfa með eldri flokkum og þróa sterka ást á leiknum.

6.fl

Strákarnir í 6. flokki hafa sýnt frábæran vinnuaga, sérstaklega í uppspili og hugrökkum ákvarðanatökum undir pressu. Þeir hafa tekið stór skref í leikskilningi og hröðum sendingaleik. Þetta lítur út fyrir að vera einn efnilegasti árgangur okkar, og einnig einn sá skemmtilegasti að þjálfa.

5.fl Stelpurnar í 5. flokki hafa sýnt frábæran metnað og samheldni og bætt sig mikið. Þær urðu tæknilega sterkari, sjálfsöruggari og sýndu karakter í leikjum, jafnvel þegar úrslitin voru erfið. Andrúmsloftið í þessum hópi er sérstaklega gott, þökk sé þjálfurunum Maroni, Eyþóri Atla og Kristínu, ásamt eldri stelpum sem aðstoðuðu.

5.fl Strákarnir í 5. flokki hafa tekið miklum framförum, bæði sem einstaklingar og sem liðsheild. Þeir spila nú þroskaðan fótbolta með góðum ákvarðanatökum og skýrri uppbyggingu. Frammistaða þeirra á mótum endurspeglaði vel gæði daglegrar vinnu þeirra.

Gleðilega hátíð

Starfsfólk Sjóvá

Gleðileg jól

Óskum viðskiptavinum
og Austfirðingum öllum
Gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.



RVA.is
Bílaverkstæði Austurlands

JÓL 2025

Við óskum íþróttafélaginu Hetti gleðilegra jóla og farsældar á nýju íþróttaári

Starfsfólk Fljótsdalsstöðvar

Landsvirkjun

Gleðilega hátíð
Við þökkum ánægjulegt
samstarf á árinu
sem er að líða og óskum
ykkur gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
COWI

Gleðilega hátíð
Sendum íbúum Múlaþings, Austurlands og
landsins alls okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með
þökk fyrir ánægjuleg samskipti á líðandi ári.
mulathing.is
Múlaþing

4.fl Stelpurnar í 4. flokki hafa sýnt mikinn metnað, aga og vöxt í ár. Þær bættu leikskilning sinn og tæknilega færni og sýndu sterkan karakter á mótum. Mikill efniviður er í þessum hópi og umhverfið er mjög gott.

4.fl Strákarnir í 4. flokki hafa tekið stór skref í taktískum spilum, uppbyggingu og samvinnu. Þeir sýndu stöðugleika í Íslandsmóti og öðrum mótum og hafa þróast mikið síðasta árið. Góður andi í hópnum, undir stjórn Ármanns Davíðssonar, hefur haldið leikmönnunum einbeittum og áhugasömum allt árið.

3.fl

Stelpurnar í 3. flokki voru eitt af okkar sterkustu liðum í ár og sýndu frábærar framfarir í öllum þáttum. Sigur þeirra í Reycup endurspeglaði bæði frábæra liðsheild og mikla vinnu. Elsti árgangurinn tók virkan þátt í U20 og nokkrar fengu byrjunarstöður hjá FHL í Bestu deild. Starf Ljuba hefur haft greinileg áhrif á þessa stúlkur. Þetta er mjög efnilegur og sérstaklega flottur hópur stúlkna sem margar eru þegar farnar að leiða og þjálfa yngri iðkendur.

3.fl

Strákarnir í 3. flokki áttu frábært ár og sýndu hugrekki, gæði og þroska í sínum leik. Þeir voru meðal tíu efstu liða á landinu og spiluðu stöðugt góðan og skipulegan fótbolta. Fjórir leikmenn hópsins léku með meistaraflokki í vetur og tveir voru boðaðir í æfingar hjá landsliði. Þetta er hópur leiðtoga sem margir eru nú þegar að þjálfa yngri hópa.

VELKOMIN Á RAFEY VÖLLINN

RAFEY EHF
EGILSSTAÐIR

Í fyrrasumar ákváðu leikmenn og þjálfarar Hattar og Spyrnis að nota Fellavöll sem nýjan heimavöll félagsins sem fékk nýtt gervigras, nýtt vallarhús og margskonar umbætur aðrar við völlinn. Næsta sumar verður Rafey nýr styrktaraðili meistaraflokkanna okkar og með leyfi sveitarfélagsins, fær heimavöllurinn okkar nafnið Rafey-völlurinn, sem vonandi verður fullur af lífi og góðum fótbolta næsta sumar! Rekstrarfélag Hattar fagnar nýjum styrktaraðila og þakkar stuðninginn!

vök baths

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Við sendum öllum okkar bestu
jóla- og nýarskveðjur með þökk
fyrir viðskipti á líðandi ári.